

Áætlun um þjálfun kennara

Þetta staðreyndablað byggir á niðurstöðum skýrslu sem skrifuð var um fræðslu fyrir kennara og kennaranema í vinnuverndarmálum og þjálfun í greiningu áhættuþátta.¹ Ef allt væri eins og best yrði á kosíð hlytu kennarar þjálfun í vinnuverndarmálefnum og því hvernig eigi að koma að greiningu áhættuþátta í daglegu starfi þeirra.

Ef það er erfitt að fá menntun um áhættumat inn í skólanámskrá, þá er ennþá erfiðara að koma þjálfun verðandi kennara á dagskrá þegar þeir eru komnir til starfa. Dæmin í skýrslunni sýna fjölmargar nálganir og aðferðir sem vert er að skoða og kanna nánar. Þau sýna að árangurinn byggir á hagnýtri nálgun, sem veltur á þörfum og kringumstæðum í skólum og á námskeiðum fyrir verðandi kennara. Þau sýna einnig gildi þjálfunarinnar, sem styðst við nálgun sem mætti kalla *heildrænan skóla*, með því að samtvinna menntun um áhættumat, forvarnir og vinnuverndarmál fyrir kennara til að tryggja öruggt og heilbriggt starfs- og námsumhverfi. Þróun á samstarfi og skuldbinding hagsmunasamtaka er mikilvæg og tryggir miðlun starfsreynslu sem tíðkast á hverjum stað.

Eitt af vandamálum í dæmunum er að það veltur oft á einum aðila að fræðsla um áhættumat og forvarnir fái að fylgja með. Það er líka vandamálum bundið ef þjálfunin er bara einu sinni eða í eitt skipti en ekki með reglubundnum og skipulögðum hætti. Verkefni þurfa að vera sjálfbær en það er gert með því að gera þau að hluta af almennri og samfelldri fræðsluáætlun.



© Susanne Ulk


Þróun aðferða

Dæmin sýna að aðferðir gætu meðal annars falist í:

- þjálfun, sem er hluti af nálguninni um *heildrænan skóla*, og tekur bæði tillit til þess að greina áhættur ásamt því að efla og bæta vinnuverndarmálin í skólum, þannig að þau séu gerð að daglegum störfum allra kennara og að öryggismenning skólans hvetji til þátttöku og virkni allra hópa;

¹ Þjálfun kennara í gerð áhættumats – dæmi um hvernig gera má vinnuvernd hluta af kennaranámi (http://osha.europa.eu/en/publications/reports/teachers-training-risk-education_TE3111358ENN/view)

- þjálfun verðandi kennara þar sem komið er inn á gunnupplýsingar um vinnuverndarstarf í skólum og hvernig eigi að standa að fræðslu og greiningu áhættu í daglegri kennslu;
- að allir kennarar fái kynningu um vinnuverndarmál þegar þeir hefja störf – að fræðsla um áhættu til skólabarna verði hluti af þessu;
- því að yfirkennarar fái viðbótarþjálfun svo þeir öðlist sérþekkingu á vinnuverndarstjórnun og hvernig eigi að fella fræðsluna um áhættumatsgerð inn í daglegt skólastarf;
- því að kennarar fái viðbótarþjálfun í samræmi við kennslugrein þeirra svo þeir öðlist sérþekkingu á því vinnuverndarsviði og kunnáttu við gerð áhættumats. Einnig ætti að skoða þá leið að útnefna ákveðna starfsmenn sem *vinnuverndarfulltrúa* sem hafa það hlutverk að miðla upplýsingum og hvetja starfsmenn áfram;
- því að setja markmið um lágmarksfjölda kennara sem gengið hafa í gegnum sérþjálfun í vinnuverndarmálum;
- því að stefna saman forystumönnum frá skólunum í vinnuverndarmálum/ þeim sem vinna við gerð áhættumats:
 - til þess að hjálpa öðrum starfsmönnum að halda í við nýjustu upplýsingarnar – en þetta er oft vandamál í skólastarfi,
 - miðla og skiptast á reynslu
- samstarfi og þátttöku ýmiss konar hagsmunaaðila, þar á meðal:
 - yfirvalda í menntamálum, þeirra sem hafa með gerð námskrár að gera og stofnana sem sjá um þjálfun verðandi kennara,
 - annarra stofnana, sem hafa með fræðslu um gerð áhættumats að gera (s.s. skóla í menntun kennara, aðila sem koma að forvörnum, slysamálum, umferðaröryggi, íþróttasamtök og eftirlitsstofnanir),
 - samtaka og stéttarfélaganna kennara,
- því að skilgreina samlegðaráhrif og leiðir til að mennta kennara með sem minnstri röskun;
- því að veita skólum sérstakan stuðning, upplýsingar og verkfæri til að búa til gott og öruggt náms- og starfsumhverfi svo að öryggis- og heilbrigðismál verði álitin grunnþáttur bæði hjá kennurum og nemendum.



- Sameinar staðarnám og fjarnám
- Hámarkar hefðbundið námsumhverfi og það sem byggir á margmiðlun
- Sameinar sjálfrætt og gagnvirk nám
- Þróar færni sem byggir á faglegri þekkingu

Markmiðasetning í námi

Þegar þarf að ræða þjálfunaráætlanir við aðra, svo sem yfirvöld menntamála eða kennaraháskóla, er mikilvægt að vera skýr varðandi námsmarkmiðin sem eiga að vera hluti af þjálfuninni. Með hliðsjón af dæmunum sem áður eru nefnd ættu markmið þjálfunar allra kennara sem vinna við almenna kennslu í grunnskólum að beinast að því að:

- öðlast þekkingu og færni í því að gera fræðslu um áhættumat hluta af daglegri kennslu;
- öðlast þekkingu á eigin öryggi og heilbrigði á vinnustaðnum – þ.e. vinnuvernd í skólum; og
- öðlast þekkingu og færni til að geta lagt sitt af mörkum þegar kemur að vinnuverndarmálum í skólum, fyrir sig og aðra.

Úrræði fyrir þjálfunina

Í fyrri skýrslum Evrópsku vinnuverndarstofnunarinnar, um samþættingu vinnuverndar og menntunar hefur verið bent á að þróa þarf kennsluúrræði fyrir skóla og kennaraháskóla til að styðja við þá stefnu að gera fræðslu um áhættumat hluta af skólastarfinu. Sama gildir um þjálfun fyrir kennara. Raunveruleg dæmi benda til þess að gera þarf ýmislegt og leita úrræða til að efla þjálfun kennara.

Þjálfunarúrræði eru meðal annars:

- bæklingar fyrir kennara í þjálfun;
- bæklinga fyrir kennara sem eru nýir á vinnustaðnum;
- “pakka” með úrræðum fyrir fyrirlesara;
- úrræði til að þjálfarar kennara í því að standa sjálfir fyrir þjálfun í vinnuverndarmálum;
- úrræði fyrir kennara til að veita öðrum kennurum leiðbeiningar og þjálfun með keðjuverkandi hætti;
- gögn, sem útskýra sig sjálf, til að nota með nemendum í skólastofu.

Aðferðir sem má nota við þjálfun

- hafa val um sjálfsnám, sérstaklega nám á netinu og/eða gagnvirka geisladiska;
- blandað nám – samblöndu af fjarþjálfun á netinu og staðarþjálfun t.d. í hópavinnu;
- virkar námsaðferðir þar sem kennarar nota eigin þekkingu – sérstaklega mikilvægt þar sem áætlað er að þetta verði kennsluáðferðin sem notuð verður á nemendum í skólastofu;
- eins og gildir almennt í starfsþjálfun er gott að læra af reynslu kennarans sjálfs í vinnuverndarmálum, á námskeiðum fyrir kennaranema í þjálfun;
- tengja þjálfun kennarans með skýrum hætti við skólanámsskrána.

Önnur þjálfunarúrræði gætu verið:

- ræða þörfina fyrir þjálfun kennara þegar úrræði og lausnir í skólastofunni eru rædd;
- athuga möguleikana á almennri þjálfun sem t.d. tengist heilbrigðismenntun, kennslu í umferðaröryggi, íþróttakennslu og fræðslu um áhættur í vinnuumhverfinu.
- kanna hvernig koma megi grunnupplýsingum og færni til skila til kennara á sem stytstum tíma;

- tengja þjálfunina við þróun í starfi með því að hún fái viðurkennd, með útgáfu viðurkenningarskjala eða viðurkenningu á þeirri færni í vinnuverndarstjórnun sem þátttakandi öðlaðist, o.s.frv.;
- veita skólum aukalegan stuðning við framkvæmd áhættumats og við stjórnun vinnuverndarmála;
- að framkvæmt verði mat á verkefnum, þjálfunaráætlunum og aðferðum.

- Írsk yfirvöld á sviði heilbrigðis- og öryggismála fólu nálgunina hjá sér meðal annars í: Netnámi (almennt nám fyrir kennara, sérsniðið nám fyrir kennara í tækni- og vísindagreinum); sumarnámskeiðum á netinu fyrir grunnskólakennara; úrræði í skólastofum fyrir kennara; netnámi fyrir nemendur; viðburðum og samkeppnum; leiðsögn og stuðningi varðandi stjórnun á vinnuverndarmálum í skólum.
- Í Danmörku var meðal annars komið á fót samstarfsneti kennara sem tilnefndir höfðu verið *vinnuverndarsendiherrar* í skólum og sérsniðnum námskeiðum fyrir kennara á mismunandi menntastigum.
- Í Póllandi taka kennarar þátt í að skipuleggja listasamkeppni í vinnuverndarmálum á landsvísi sem hjálpar þeim að auka við þekkingu sína.
- Finnland stefnir að því að tveir kennarar í hverjum skóla fái öryggis- og heilbrigðismenntun og að vellíðan starfsmanna á vinnustaðnum verði hluti af henni.
- Þýsk verkefni eru meðal annars margmiðlunarþjálfun fyrir þá kennara, sem sjá um fjarþjálfun, og samstarf við íþróttafélög um þróun þjálfunar fyrir íþróttakennara í mjög áhættusömum íþróttagreinum.
- Í Bandaríkjunum er þriggja stunda vinnusmiðja notuð til að þjálfarar kennara í kennslu á vinnuverndarnámskeiði ætluðu fyrir nemendum.

Frekari upplýsingar

Skýrslan er tiltæk á ensku á vefsíðu Vinnuverndarstofnunar Evrópu á slóðinni:

http://osha.europa.eu/en/publications/reports/teacherstraining-risk-education_TE3111358ENN/view

Þetta blað er tiltækt á 24 tungumálum á slóðinni:

<http://osha.europa.eu/en/publications/factsheets>

Vefsíður Vinnuverndarstofnunar Evrópu um samþættingu vinnuverndar og kennslu:

<http://osha.europa.eu/en/topics/osheducation>

Vinnuverndarstofnun Evrópu

Gran Vía, 33, 48009 Bilbao, SPÁNI

Sími +34 944794360, Fax +34 944794383

Tölvupóstfang: information@osha.europa.eu

© Vinnuverndarstofnun Evrópu. Afritun er leyfð ef heimildar er getið.

Printed in Belgium, 2012